



Fundur Foreldraráðs Naustatjarnar og skólustjórnenda miðvikudaginn 17. maí kl. 15:00 í samtalsherbergi Naustatjarnar.

Fulltrúar foreldra í Foreldraráði: Anna Rósa Halldórssdóttir (BG), Ásthildur K. Júlíusdóttir (VV/FB), Þóra Hlynsdóttir (TH). Fulltrúar skóla í foreldraráði: Jónína Hauksdóttir skólustjóri og Aðalheiður Hreiðarsdóttir starfandi aðstoðarskólustjóri.

Dagskrá fundar:

1. Skóladagatal 2017 – 2018

Skóladagatal næsta árs lagt fram til kynningar. Foreldraráð samþykkir drögin. Fræðslunefnd mun svo samþykkja skóladagatöl næsta árs á fundi 22. maí 2017.

2. Foreldranámskeið í Jákvæðum aga

Haldið var foreldranámskeið í samstarfi við Naustaskóla í febrúar. Stefnt er að því að halda fleiri slík námskeið næsta skólaár, annað hvort í haust eða vor.

3. Námskeið sem kennarar hafa sótt

Allir starfsmenn skólans sátu tvö námskeið í vor. Lubbi og málbeinið og Leikur að læra. Bæði námskeiðin gefa kennurum ný verkfæri í vinnu með stærðfræði, hreyfingu og málörvun.

4. Upplýsingatækni í skólanum

Búið er að fjárfesta töluvert í nýjum tækjum. Nú hafa allar deildir eftirfarandi búnað.

- Tveir Ipod og tveir þráðlausir hátalarar (áskrift á Spotify)
- Þrjár spjaldtölvur á deild. Stefnt að rafrænum ferilmöppum og þroskalýsingum á tölvutæku formi. Mentor mun bjóða upp á App í haust þar sem hægt er að vera með ýmsar upplýsingar og tilkynningar til foreldra auk þess sem ætlunin er að hafa allar myndir þar inni sem foreldrar hafa aðgang að. Þetta mun hafa áhrif á hvað fer inn á heimasíðu skólans.
- Snjallsími til að taka myndir og sem öryggistæki. Verður nýttur í útstimplanir í útiveru.

5. Starfsmannamál

Breytingar að vori sem eru eðlilegar, kennarar að koma úr leyfum og því fara ungir leiðbeinendur út. Nýtt fagfólk sem komið er í hópinn í vetur, Sigríður og Alda leikskólakennarar, Helena Rós iðjuþjálfari og Thelma grunnskólakennari. Svo þarf að ráða inn í haust aðila til að sinna afleysingum.

6. Önnur mál

Umræða um sveitaferð. Ósk kom frá foreldrum um að kanna það hvort hægt verði að hafa sveitaferðir á laugardegi. Þessu erindi er vísað til stjórnar Foreldrafélags Naustatjarnar.

Lítillega er sagt frá samstarfsverkefni Tónlistarskólans og leikskóla Akureyrar.

Einnig sagt frá samfélagsverkefni Naustatjarnar í samstarfi við Rósenborg.

Fundi slitið kl. 16:000.

Jónína Hauksdóttir ritar fundargerð.